

VERITAS

Persónuverndarstefna Veritas og dótturfélaga 2025

 Artasan

  DISTICA

  MEDOR

  STOD

  vistor

Til hverra nær persónuverndarstefnan:

Veritas samstæðunni er umhugað um persónuvernd viðskiptavina sinna. Þessi stefna gildir fyrir öll félög samstæðunnar, þ.e. Veritas, Artasan, Distica, MEDOR, Stoð og Vistor. Í þessari stefnu getur þú lesið hvaða upplýsingum Veritas samstæðan safnar um þig, hvernig þær eru notaðar og hvernig öryggi þeirra er tryggt. Persónuverndarstefna samstæðunnar styður við samfelldan rekstur hennar og er ætlað að tryggja að öll vinnsla persónuupplýsinga sem varðar starfsemi félaganna, vinnsla þeirra, skráning, verndun upplýsinga og aðgengi fari fram í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (persónuverndarlaga).

Persónuverndarfulltrúi Veritas samstæðunnar og dótturfélaga er Kristín Lára Helgadóttir, lögfræðingur.

Netfang: personuvernd@veritas.is

Tegundir persónuupplýsinga sem er safnað

Söfnun og vinnsla persónuupplýsinga er forsenda þess að Veritas samstæðan geti veitt þér eða þeim fyrirtækjum, sem þú starfar fyrir eða hefur aðkomu að, þá þjónustu sem óskað hefur verið eftir. Veritas kann að safna, skrá, nota, varðveita eða flytja persónuupplýsingar um einstaklinga. Persónuupplýsingar, eða persónugögn, merkir allar persónugreinanlegar upplýsingar eða gögn. Sé ekki hægt að tengja gögnin persónu (nafnlaus gögn) teljast þau ekki persónugreinanleg. Persónuupplýsingar sem Veritas samstæðan safnar hafa verið flokkaðar með eftirfarandi hætti:

Auðkennisupplýsingar

Undir auðkennisupplýsingar falla t.d. skírarnafn, millinafn, eftirnafn, vegabréfsnúmer, notendanafn eða sambærilegt auðkenni, titill, fæðingardagur eða kennitala og kyn.

Samskiptaupplýsingar

Undir samskiptaupplýsingar falla t.d. heimilisfang, tölvupóstur og símanúmer.

Starfstengdar upplýsingar

Undir starfstengdar upplýsingar falla t.d. upplýsingar um vinnustað, sérgrein og starfsnúmer.

Fjármálaupplýsingar

Undir fjármálaupplýsingar falla t.d. bankagreiðsluupplýsingar, kortaupplýsingar eða aðrar greiðsluupplýsingar.

Upplýsingar um viðskiptasögu

Undir upplýsingar um viðskiptasögu falla t.d. yfirlit yfir þær vörur sem keyptar hafa verið og reikninga sem gefnir hafa verið út.

Tæknilegar upplýsingar

Undir tæknilegar upplýsingar falla t.d. IP-tala, innskráningarupplýsingar, upplýsingar um tegund og útgáfu vafra.

Upplýsingar um notendahegðun

Undir upplýsingar um notendahegðun falla t.d. upplýsingar um hvernig heimasíður, vörur eða þjónusta eru notuð.

Upplýsingar um markaðssetningu

Undir upplýsingar um markaðssetningu falla t.d. upplýsingar sem tengjast vali á því hvort Veritas samstæðunni sé heimilt að senda markpósta á borð við fréttir um vörur, þjónustu og viðburði, tilboð, fróðleiksmola o.fl.

Sérstakir flokkar persónuupplýsinga

Þjónusta og vörur Stoðar tengjast oft með beinum hætti heilsufari viðskiptavina okkar og getur því komið til þess að við tökum á móti persónuupplýsingum sem falla undir sérstaka flokka

persónuupplýsinga (þar með talið heilsufarsupplýsingar). Slíkar upplýsingar komast einungis í okkar vörslu ef þær eru veittar þegar keyptar eru vörur, þjónusta notuð eða slíkar upplýsingar eru veittar af heilbrigðisstarfsfólki eða stofnunum sem viðkomandi einstaklingur hefur veitt heimild til að skrá persónuupplýsingar fyrir sína hönd.

Vinnsla persónuupplýsinga um börn

Vinnsla persónuupplýsinga um börn fer fram hjá versluninni í Stoð á grundvelli samþykkis. Samþykkis skal aflað sérstaklega hjá forráðamönnum barna. Sé viðskiptavinur eldri en 16 ára er á grundvelli 25. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga ekki aflað samþykkis forráðamanna nema ljóst sé að viðskiptavinur beri ekki skilning á því hvaða upplýsingar hann er að veita.

Aðferðir við söfnun persónuupplýsinga

Veritas samstæðan notar mismunandi aðferðir við söfnun persónuupplýsinga en þær helstu eru:

- Með beinum samskiptum

Algengast er að Veritas samstæðan taki á móti og safni auðkennis- og samskiptaupplýsingum beint frá einstaklingnum sjálfum, m.a. frá viðskiptavinum, tengiliðum viðskiptavina, heilbrigðisstarfsmönnum, sjúklingum, aðstandendum sjúklinga, starfsfólki, umsækjendum um störf o.fl. Í öðrum tilvikum er einnig beðið um starfstengdar upplýsingar, fjármálaupplýsingar, sem og aðra flokka persónuupplýsinga, t.d. heilsufarsupplýsingar. Þú getur ætíð hafnað því að afhenda Veritas samstæðunni persónuupplýsingar þegar eftir því er leitað. Ef þú lætur hjá líða að veita persónuupplýsingar þínar þegar við höfum óskað eftir þeim, í þeim tilgangi að fullnægja lögbundinni skyldu okkar eða efna samningsskuldbindingar okkar samkvæmt gildandi samningi okkar við þig eða í miðri samningaumleitan, getur það leitt til þess að Veritas samstæðunni sé ómögulegt, að hluta til eða að öllu leyti, að veita þér þá þjónustu sem óskað er eftir eða fullnægja samningsskuldbindingum sínum á annan hátt. Heilbrigðisstarfsmenn eru sérstaklega beðnir um að skrifa undir upplýst samþykki sem heimilar Veritas samstæðunni að senda þeim upplýsingar um fræðslu, ráðstefnur og fundi sem eru taldir hæfa viðkomandi aðila.

- Sjálfvirk tækni eða samskipti

Veritas samstæðan kann einnig að safna tæknilegum upplýsingum um þig með sjálfvirkum hætti þegar þú heimsækir og notar heimasíður Veritas samstæðunnar. Þeim persónuupplýsingum er safnað með notkun á vafrakökum, atvikaskráningu og svipaðri tækni.

- Forrit

Þegar þú notar forritin okkar, svo sem vefverslun, þá söfnum við upplýsingum í tengslum við notkun þína, þar með talið upplýsingum sem auðkenna þig með beinum eða óbeinum hætti. Þá fáum við upplýsingar þegar þú skráir þig í fyrsta sinn eða skráir þig inn á forritin okkar, ásamt upplýsingum um notkun þína á forritum okkar.

- Söfnun upplýsinga frá þriðja aðila

Í vissum tilvikum gæti Veritas samstæðan tekið við persónuupplýsingum frá þriðja aðila eða aflað persónuupplýsinga frá fyrirtækjum, stofnunum eða tengiliðum lögaðila sem búa yfir persónuupplýsingum um þig, þegar fyrrnefndir aðilar hafa heimild til að afhenda fyrirtækinu slíkar upplýsingar og þegar upplýsingarnar eru nauðsynlegar Veritas samstæðunni í ákveðnum tilgangi. Það sama á við um persónuupplýsingar sem eru birtar opinberlega, s.s. persónuupplýsingar heilbrigðisstarfsmanna í opinberum skráum eða af vefsíðum, enda er vinnsla þeirra almennt heimil.

Heimildir fyrir vinnslu persónuupplýsinga

Persónuverndarlögin takmarka hvernig persónuupplýsingar skulu meðhöndlaðar. Takmarkanir koma þó ekki í veg fyrir vinnslu persónuupplýsinga heldur eiga að stuðla að því að persónuupplýsingar séu unnar á sanngjarnan og lögmætan hátt og aðeins í tilgreindum tilgangi.

Veritas samstæðan vinnur aðeins persónuupplýsingar þínar ef heimild er fyrir því í persónuverndarlögum. Vinnsla almennra persónuupplýsinga í starfsemi Veritas samstæðunnar fer þannig einungis fram þegar a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

- 1) Einstaklingur hefur gefið samþykki sitt fyrir vinnslu á persónuupplýsingum sínum í þágu eins eða fleiri tiltekinna markmiða;
- 2) Vinnsla persónuupplýsinga telst nauðsynleg vegna framkvæmdar samnings sem skráður einstaklingur á aðild að eða til þess að gera ráðstafanir að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður;
- 3) Vinnsla persónuupplýsinga telst nauðsynleg til að uppfylla lagaskyldu;
- 4) Vinnsla persónuupplýsinga telst nauðsynleg til að vernda brýna hagsmuni hins skráða einstaklings eða annars einstaklings;
- 5) Vinnsla persónuupplýsinga telst nauðsynleg vegna lögmætra hagsmuna Veritas samstæðunnar, viðskiptavinar eða annars þriðja aðila, þ.e. þegar hagsmunir eða grundvallarréttindi og frelsi hins skráða, sem krefst verndar persónuupplýsinga, vega ekki þyngra.

Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga hjá Veritas samstæðunni fer einungis fram þegar þú hefur gefið samþykki þitt fyrir slíkri vinnslu eða ef hún telst nauðsynleg til að uppfylla lagaskyldu eða til að vernda brýna hagsmuni þína eða annars einstaklings og aðeins þegar uppfyllt er a.m.k. eitt af lagaskilyrðum fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga, sbr. 11. gr. persónuverndarlaga nr. 90/2018.

Í hvaða tilgangi notar Veritas samstæðan persónuupplýsingar

Veritas samstæðan vinnur persónuupplýsingar í skýrum og yfirlýstum tilgangi í samræmi við persónuverndarlög, reglur Veritas samstæðunnar og persónuverndarstefnu samstæðunnar. Persónuupplýsingarnar eru ætíð unnar í skýrt tilgreindum og málefnalegum tilgangi og ekki í öðrum og óskyldum tilgangi nema fyrirtækið hafi til þess heimild og þú hafir verið upplýst/-ur um hinn nýja tilgang. Vinnsla persónuupplýsinga er ætíð takmörkuð við þær upplýsingar sem teljast nauðsynlegar og viðeigandi miðað við tilgang vinnslunnar hverju sinni. Hér á eftir má finna upptalningu á helstu atriðum og nánari lýsingu á því hvenær Veritas samstæðan kann að vinna persónuupplýsingar um þig og á hvaða heimild/-um vinnslan byggir.

- Vinnsla persónuupplýsinga við heimsókn á vefsíður Veritas samstæðunnar

Veritas samstæðan á og hýsir eftirfarandi heimasíður:

www.veritas.is
www.artasan.is
www.distica.is
www.medor.is
www.vistor.is
www.brjostapudar.is
www.nicotinell.is

Veritas samstæðan á eftirfarandi vefi en hýsir þá hjá þriðja aðila:

www.stod.is

Veritas samstæðan kann að safna tæknilegum upplýsingum um þig, sem gætu falið í sér persónuupplýsingar, með sjálfvirkum hætti þegar þú heimsækir og notar vefsíður Veritas samstæðunnar. Þeim persónuupplýsingum er safnað með notkun á vafrakökum, atvikaskráningu og svipaðri tækni. Dæmi um slíkar stillingar eru: IP-tölur, auðkenni tækis, tungumálastillingar, tækisstillingar, tegund stýrikerfis, tegund vafra, leitarsaga, heimsóttar síður o.fl. Söfnun persónuupplýsinga í þessu samhengi byggist ýmist á samþykki einstaklings eða á lögmætum hagsmunum fyrirtækisins sem felast í því að geta veitt góða upplifun á vefsíðum og til að stuðla að frekari þróun þeirra.

- **Vinnsla persónuupplýsinga um tengiliði fyrirtækja/stofnana**

Í tengslum við fjölbreytta starfsemi Veritas samstæðunnar eiga starfsmenn hennar í samskiptum við breiðan hóp tengiliða fyrirtækja og/eða stofnana við framkvæmd starfa sinna. Í tengslum við slík samskipti getur þú verið beðin/-n um að afhenda Veritas samstæðunni persónuupplýsingar, s.s. auðkennis- og samskiptaupplýsingar (nafn, vinnustað, starfsheiti, símanúmer, netfang og bankaupplýsingar, ef við á), þegar þess þarf. Slík söfnun og móttaka persónuupplýsinga telst nauðsynleg vegna lögmætra hagsmuna Veritas samstæðunnar sem felast í því að hægt sé að stunda viðskipti og til að viðhalda góðu sambandi við samstarfsaðila og viðskiptavinum. Persónuupplýsingar sem safnast eru eingöngu varðveittar í eins langan tíma og nauðsynlegt er en varðveislutímabil getur verið mismunandi eftir eðli samskipta hverju sinni.

- **Vinnsla persónuupplýsinga vegna fyrirspurna og kvartana**

Þar sem starfsemi Veritas samstæðunnar er fjölbreytt geta fyrirtækinu borist margskonar fyrirspurnir og/eða kvartanir sem tengjast á einn eða annan hátt vöru- og eða þjónustuframboði samstæðunnar. Í þeim tilvikum þegar ekki er hægt að svara slíkum fyrirspurnum og/eða kvörtunum um leið og þær berast, getur sá sem ber fram fyrirspurn og/eða kvörtun þurft að afhenda Veritas samstæðunni persónuupplýsingar í formi auðkennis- og samskiptaupplýsinga þannig að hægt sé að hafa samband við viðkomandi aftur í tengslum við úrvinnslu, afgreiðslu og eftirfylgni erindis.

- **Vinnsla persónuupplýsinga vegna tilkynninga er varða öryggi og gæði lyfja**

Þeim starfsmönnum Veritas samstæðunnar sem vinna fyrir lyfjaframleiðendur ber skylda til að tilkynna allar aukaverkanir/atvik og kvartanir vegna lyfja, sem þeir fá vitneskju um til viðkomandi framleiðanda. Veritas samstæðan hvetur heilbrigðisstarfsmenn og aðra sem vilja tilkynna aukaverkun lyfja til að tilkynna um slíkar aukaverkanir/atvik beint til Lyfjastofnunar. Kjósi einstaklingur samt sem áður að tilkynna aukaverkun/atvik til Veritas samstæðunnar ber samstæðunni skylda til að taka slíkar tilkynningar til afgreiðslu, sbr. 94-95. gr., 102. gr. reglugerðar nr. 545/2018 um markaðsleyfi sérlyfja, merkingar þeirra og fylgiseðla og þarf í því samhengi að safna og vinna persónuupplýsingar um þann sem ber fram slíkar tilkynningar. Það fer eftir eðli og efni tilkynninga, og því hver ber hana fram, hvaða persónuupplýsingum er safnað hverju sinni og hvaða upplýsingar eru skráðar.

Persónuauðkenni (s.s. nafn, sími, netfang) sjúklings eru ekki send frá Veritas samstæðunni. Almennu eru slíkar upplýsingar um sjúkling ekki skráðar/vistaðar hjá Veritas samstæðunni nema einstaklingur hafi sjálfur tilkynnt aukaverkunina eða að þær hafi verið hluti af frumgögnum. Persónuauðkenni tilkynnanda aukaverkunar eru heldur ekki send frá Veritas samstæðunni, nema um sé að ræða heilbrigðisstarfsmann sem hefur sjálfur skráð upplýsingarnar á skjöl til markaðsleyfishafa.

Söfnun og vinnsla persónuupplýsinga um tilkynnendur og þá sem tilkynnt tilvik varðar telst nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldum um tilkynningu atvika er varða öryggi og gæði lyfja til eftirlitsaðila.

- **Vinnsla persónuupplýsinga vegna tilkynninga er varða öryggi lækningatækja**

Veritas samstæðunni ber lagaskylda, á grundvelli 35. gr. laga nr. 132/2020 um lækningatæki, til þess að tilkynna Lyfjastofnun um frávik, galla eða óvirkni í lækningatækjum. Til þess að uppfylla lagaskylduna getur komið til þess að safna þurfi og vinna persónuupplýsingar um aðila í tengslum við tilkynningu samstæðunnar. Það fer eftir eðli og efni atviksins hvaða persónuupplýsingum þarf að safna hverju sinni og hvaða upplýsingar eru skráðar. Söfnun og vinnsla persónuupplýsinga telst nauðsynleg til að uppfylla upplýsingaskyldu í 36. gr. laga um lækningatæki og getur komið til þess að Veritas samstæðan þurfi að senda öll þau gögn sem Lyfjastofnun telur nauðsynleg hverju sinni vegna rannsókna á öryggi lækningatækja.

- **Vinnsla persónuupplýsinga í eftirliti klínískra rannsókna**

Hjá Veritas samstæðunni er starfrækt þjónusta sem býður upp á umsjón og vöktun á klínískum rannsóknum sem framkvæmdar eru á Íslandi. Við vöktun á klínískri rannsókn fylgist sérfræðingur í klínískum rannsóknum með því að rannsókn hafi eðlilegan gang og gætir þess að hún sé framkvæmd í öllum atriðum samkvæmt rannsóknaráætlun, stöðluðum verkferlum, gildandi leiðbeiningum um góða klíníska starfshætti og íslenskum lögum og reglum. Unnið er í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins (ESB) nr. 536/2014, sbr. reglugerð nr. 1311/2021 um klínískar prófanir á mannalyfjum, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/679, og góðar klínískar starfsvenjur. Við veitingu þjónustunnar er vissum persónuupplýsingum safnað, s.s. nafn þess félags eða einstaklinga sem framkvæma rannsóknina, menntun, símanúmer og netföng hjá heilbrigðisstarfsfólki sem kemur að rannsókninni sem og hver er ábyrgðarmaður rannsóknarinnar og hverjir eru meðrannsakendur eða samstarfsaðilar. Söfnun og vinnsla persónuupplýsinga í tengslum við rannsóknina er nauðsynleg til þess að Veritas samstæðan geti uppfyllt samningsskyldur sínar við bakhjarl og ábyrgðarmann rannsóknarinnar og til þess að ganga úr skugga um að upplýsingar sem safnað er í tengslum við rannsóknina séu réttar. Persónuupplýsingar sem safnast eru eingöngu varðveittar í eins langan tíma og nauðsynlegt er, en varðveislutímabil getur verið mismunandi eftir eðli samskipta hverju sinni.

- **Vinnsla persónuupplýsinga um viðskiptavini vefverslana**

Þegar þú stofnar aðgang að vefverslunum sem heyra undir starfsemi Veritas samstæðunnar og þegar skráður notandi staðfestir pöntun/viðskipti og gerist viðskiptavinur Veritas samstæðunnar þarft þú að skrá almennar persónuupplýsingar um þig. Meðal upplýsinga sem þú þarft að gefa upp eru nafn, kennitala, heimilisfang, netfang og símanúmer. Þegar þú nýtir þér netspjall eða fyrirspurnaform er boðið upp á að skrá netfang og nafn. Tilgangur þess er að auðvelda samskipti og auka þjónustustig Veritas samstæðunnar. Slík vinnsla persónuupplýsinganna telst nauðsynleg til að Veritas samstæðan geti uppfyllt samning milli aðila eða vegna ráðstafana sem gera þarf að beiðni einstaklings áður en samningur kemst á milli aðila.

- **Vefkökur**

Veritas samstæðan kann að safna tæknilegum upplýsingum um þig með sjálfvirkum hætti þegar þú heimsækir og notar vefsíður Veritas samstæðunnar. Slíkum upplýsingum er safnað með notkun á vafrakökum, atvikaskráningu og svipaðri tækni. Veritas samstæðan notast við Google Analytics til vefmælinga. Við þessar mælingar notast vefirnir við vefkökur. Við hverja heimsókn á vefi samstæðunnar sér Google Analytics sjálfkrafa um að safna og vinna úr

tilteknum gögnum um heimsókn notandans. Gögn sem Google Analytics safnar eru leitarorð sem notuð voru til þess að finna vefinn, upplýsingar um staðsetningu notanda, um tæki notanda, vafra, stýrikerfi og skjáupplausn. Google Analytics safnar einnig upplýsingum um hvaða síður notandi heimsækir innan vefsins, hversu oft og hversu lengi í hvert skipti. Google Analytics safnar saman upplýsingum um fjölda heimsókna, fjölda notenda og dags- og tímasetningu heimsókna. Ekki er gerð tilraun til þess að tengja þessar upplýsingar við persónugreinanlegar upplýsingar. Veritas samstæðan notar einungis vefkökur til að gera notendaupplifun sem besta og greina notkun á vefsvæðinu til þess að geta aðlagð vefinn að þörfum notenda hans. Að auki kann tímabundin varðveisla þeirra gagna sem safnast með notkun slíkra vafrakaka einnig að teljast nauðsynleg af öryggisástæðum, þ.e. til að geta tryggt rekjanleika upplýsinganna komi til óheimils aðgangs að netþjónum Veritas samstæðunnar. Vafrakökur safna ekki upplýsingum um nöfn notenda, tölvupóstföng, símanúmer eða kennitölur og tilgangur Veritas samstæðunnar með notkun vafrakaka er ekki að auðkenna notendur. Hins vegar gæti komið til þess í ákveðnum tilvikum að vafrakökur safni miklu magni af öðrum tegundum upplýsinga sem gætu mögulega auðkennt notanda á einn eða annan hátt. Þegar það á við teljast upplýsingarnar til persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Lagagrundvöllur fyrir tæknilegri söfnun, notkun og varðveislu persónuupplýsinga með notkun vafrakaka er háð samþykki notandans. Ávallt er hægt að hafna notkun vafrakaka á heimasíðum samstæðunnar.

- **Vinnsla persónuupplýsinga umsækjenda um störf hjá Veritas samstæðunni**

Veritas samstæðan safnar, vinnur og varðveitir ýmsar persónuupplýsingar um umsækjendur um störf hjá Veritas samstæðunni sem og einstaklinga sem eru ráðnir í verktöku hjá samstæðunni. Meðal upplýsinga sem óskað er eftir er nafn, kennitala, netfang, upplýsingar um sakavottorð og bílpróf, upplýsingar um menntun, þjálfun, starfsferil og starfsreynslu ásamt upplýsingum um þekkingu og reynslu í ýmsum málaflokkum. Auk framangreindra upplýsinga, kann Veritas samstæðan einnig að safna og vinna aðrar upplýsingar sem umsækjendur láta sjálfir í té (t.d. um hjúskaparstöðu og áhugamál). Söfnun og vinnsla persónuupplýsinga í ofangreindum tilgangi telst nauðsynleg vegna lögmætra hagsmuna samstæðunnar sem felast í því að hægt sé að leggja mat á það hvort umsækjandi komi til greina fyrir þau störf sem sótt er um og/eða önnur laus störf sem ekki eru auglýst. Veritas samstæðan notar upplýsingar einstaklinga vegna starfsumsóknar ekki í öðrum tilgangi en vegna starfsráðninga. Upplýsingar í tengslum við nýskráningu inn á ráðningarvef Veritas samstæðunnar geymast í gagnagrunni Veritas samstæðunnar í 6 mánuði eftir innskráningu. Viðhalda má þeirri skráningu með endurskráningu inn á vefinn en sé það ekki gert er skráningu eytt að 6 mánuðum liðnum. Innsendar umsóknir eru geymdar í umsóknargrunni Veritas samstæðunnar í 6 mánuði frá því að þær eru innsendar en að þeim tíma liðnum er umsóknunum alfarið eytt.

- **Vinnsla persónuupplýsinga í tengslum við rafræna vöktun og móttöku gesta í húsnæði Veritas samstæðunnar**

Vegna eðlis starfsemi Veritas samstæðunnar fer fram rafræn vöktun með eftirlitsmyndavélum á og í kringum starfsstöðvar Veritas samstæðunnar. Upplýsingarnar eru varðveittar í öryggis- og eignavörsluskyni sem og í þágu rekjanleika, skjalfestingar og gæðamála. Öll notkun slíkra eftirlitsmyndavéla er í samræmi við ákvæði persónuverndarlaga og reglna settra samkvæmt þeim. Farið er með allt efni sem safnast við vöktun sem trúnaðarmál. Það efni sem safnast með notkun myndavélakerfis eyðist sjálfkrafa eigi síðar en 30 dögum frá því að það varð til, nema nauðsyn beri til að varðveita það lengur vegna gruns um refsiverðan verknað, brot í starfi, slyss eða annars sambærilegs. Þó er vakin athygli á að Veritas samstæðan geymir gögn úr vissum

myndavélum í allt að 90 daga í samræmi við heimildir 11. gr. reglna persónuverndar nr. 50/2023 um rafræna vöktun.

Ef þú kemur í húsnæði Veritas samstæðunnar, t.d. vegna funda eða annarra viðburða, kanntu að vera beðin/-n um að afhenda auðkennisupplýsingar. Skráning persónuupplýsinga í þessum tilgreinda tilgangi er nauðsynleg vegna lögmætra hagsmuna Veritas samstæðunnar sem felast m.a. í því að gæta öryggis og eigna.

- **Vinnsla persónuupplýsinga um viðskiptavini verslunar Stoðar**

Þegar þú óskar eftir þjónustu hjá Stoð, þar sem við bjóðum upp á framleiðslu og sölu á spelkum, gervilimum, sérsníðuðum skóm, bæklunarskóm, innleggjum, hjálpartækjum eins og hjólastólum, göngugrindum, kæfisvefnsvélum, þrýstingssokkum og öðrum tengdum vörum, er mikilvægt að við öflum og meðhöndlum persónuupplýsingar þínar af ábyrgð. Þetta felur í sér öflun, skráningu og geymslu á heilsufarsupplýsingum sem þú veitir okkur, til dæmis í tengslum við mælingar fyrir sokka, gervibrjóst eða aðra aðlögun hjálpartækja. Samþykki þitt er grundvöllurinn fyrir meðferð þessara upplýsinga. Við notum þessar upplýsingar einungis til að veita þér sérsníðna og markvissa þjónustu sem uppfyllir þínar þarfir og kröfur.

- **Vinnsla persónuupplýsinga vegna vöru- og þjónustukynninga**

Veritas samstæðan skráir og safnar persónuupplýsingum á grundvelli upplýsts samþykkis frá löggiltum heilbrigðisstarfsmönnum sem hafa fengið vöru- eða þjónustukynningu frá samstæðunni. Tilgangur söfnunarinnar er að halda skrá um hvaða fræðsluefni og/eða kynningar heilbrigðisstarfsmaðurinn hefur fengið sem og að miðla upplýsingum til hans um væntanlega fræðsluathurði, ráðstefnur og/eða fundi sem gætu gagnast honum.

- **Vinnsla persónuupplýsinga vegna markpósts**

Veritas samstæðan sendir markpóst, svo sem fréttir um vörur, þjónustu, viðburði og tilboð, til viðskiptavina og heilbrigðisstarfsmanna sem hafa veitt samþykki fyrir slíkum samskiptum.

Til að framkvæma markaðsherferðir og greina virkni þeirra notum við markaðs- og samskiptakerfið ClickDimensions. Kerfið vinnur með auðkennis- og samskiptaupplýsingar, svo sem nafn og netfang sem og viðbrögð við markpósti, svo sem hvort tölvupóstur er opnaður og hvort smelt er á tengla.

Þessar upplýsingar eru notaðar til að bæta markaðsstarf, greina áhugasvið og tryggja að samskipti séu viðeigandi.

Viðtakendur geta hvenær sem er afþakkað markpóst eða hafnað rekjanleika tölvupósta með því að smella á viðeigandi stillingar í tölvupóstum.

Varðveisla persónuupplýsinga

Við munum einungis varðveita persónuupplýsingar þínar svo lengi sem það er nauðsynlegt til að þjóna þeim tilgangi sem þeim var safnað í, meðal annars til að fullnægja kröfum sem gerðar eru í lögum, reglugerðum, við endurskoðun eða skýrslugjöf. Við getum varðveitt persónuupplýsingar þínar yfir lengri tíma ef upp kemur kvörtun eða við höfum rökstuddan grun um að líkur séu á málaferlum í kjölfar viðskiptasambands okkar við þig.

Við ákvörðun um varðveislutíma gagnanna tökum við tillit til magns, eðlis og viðkvæmni persónuupplýsinga, ásamt mögulegs tjóns sem myndi hljóta af óheimilli notkun eða birtingu upplýsinganna, tilgangi vinnslunnar og hvort hægt er að ná því takmarki með öðrum hætti og að lokum kröfur sem gerðar eru í lögum, reglugerðum, við endurskoðun og svo framvegis.

Við ákveðnar aðstæður kunnum við að gera persónuupplýsingar þínar nafnlausar (svo þær beri ekki lengur auðkenni þitt) í rannsóknar- og tölfraeðilegum tilgangi. Ef svo ber undir er okkur heimilt að nota þær nafnlausu upplýsingar um óákveðinn tíma án þess að gera þér viðvart.

Réttindi þín

Persónuverndarlög fela þér ákveðin réttindi m.a. til fræðslu og upplýsinga um það hvort Veritas samstæðan vinni persónuupplýsingar um þig og hvernig meðferð þeirra er háttað í starfsemi samstæðunnar. Viljir þú leggja fram beiðni um neðangreind atriði er hægt að gera það með því að senda tölvupóst á personuvernd@veritas.is

- Aðgangur að eigin persónuupplýsingum

Þú átt rétt á staðfestingu frá Veritas samstæðunni um það hvort unnið er með þínar persónuupplýsingar, og ef svo er, á aðgangi að þeim persónuupplýsingum. Þá áttu jafnframt rétt á ákveðnum lágmarksupplýsingum um tilhögun vinnslu sem m.a. eru veittar í stefnu þessari.

- Flutningur persónuupplýsinga

Þú getur óskað eftir því að tiltekna persónuupplýsingar sem þú hefur látið Veritas samstæðunni í té verði fluttar til annars aðila, sem vísað er á, ef það er tæknilega framkvæmanlegt. Einungis er um að ræða persónuupplýsingar sem Veritas samstæðan hefur aflað á grundvelli samþykkis þíns eða vegna framkvæmdar samnings og eru unnar með sjálfvirkum hætti. Eftir flutninginn ber þriðji aðili ábyrgð á þeim upplýsingum sem einstaklingur hefur óskað eftir að séu fluttar.

- Leiðrétting eða eyðing persónuupplýsinga

Þú getur hvenær sem er óskað eftir að rangar eða óreiðanlegar persónuupplýsingar um þig verði leiðréttaðar. Í ákveðnum tilvikum átt þú jafnframt rétt á að tilteknum persónuupplýsingum um þig sé eytt.

- Takmörkun eða mótmæli vegna vinnslu persónuupplýsinga

Þú getur ávallt andmælt vinnslu persónuupplýsinga, þ.m.t. gerð persónusniðs, sem fer fram í þágu beinnar markaðssetningar og aþakkað kynningarefni um fríðindi, vörur og þjónustu Veritas samstæðunnar. Einnig getur þú mótmælt vinnslu persónuupplýsinga vegna sérstakra aðstæðna. Loks getur þú í ákveðnum tilvikum farið fram á að vinnsla persónuupplýsinga um þig sé takmörkuð tímabundið.

Veritas samstæðan verður við beiðnum er varða ofangreind réttindi þér að kostnaðarlausu nema beiðnin sé tilefnislaus, óhófleg eða ef farið er fram á afhendingu fleiri en eins afrits af persónuupplýsingum. Nauðsynlegt er fyrir einstaklinga að sanna á sér deili þegar þeir óska eftir að neyta réttinda sinna.

Þú átt einnig rétt á að kvarta til Persónuverndar komi upp ágreiningur um meðferð persónuupplýsinga þinna hjá Veritas samstæðunni. Við vonum hins vegar að þú leitir til okkar fyrst með mál sem tengjast persónuvernd svo við getum aðstoðað þig. Kjósir þú að snúa þér beint til Persónuverndar getur þú sent tölvupóst á netfangið: postur@personuvernd.is.

Miðlun persónuupplýsinga

Veritas samstæðan selur ekki persónuupplýsingar til þriðja aðila en fyrirtækinu kann hins vegar að vera skylt eða nauðsynlegt að miðla eða afhenda persónuupplýsingar þínar til þriðja aðila, t.d. til eftirlitsaðila, stjórnvalda eða annarra lögaðila sem Veritas samstæðan á í viðskiptasambandi við. Slík afhending fer eingöngu fram sé hún heimil samkvæmt lögum og þannig að ávallt sé gætt að því að upplýsingarnar séu meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Þjónustuaðilar Veritas samstæðunnar, í hlutverki vinnsluaðila, sem hafa m.a. fengið það hlutverk að vinna persónuupplýsingar á vegum Veritas, kunna að fá afhentar persónuupplýsingar vegna framkvæmdar á þjónustusamningi milli aðila. Slíkir vinnsluaðilar geta ýmist verið þjónustuveitendur, umboðsmenn eða verktakar á vegum fyrirtækisins en einungis er leitað til vinnsluaðila sem geta veitt nægilegar tryggingar fyrir því að vinnsla persónuupplýsinga og réttindi einstaklinga uppfylli þær kröfur sem persónuverndarlög áskilja. Veritas samstæðan afhendir vinnsluaðilum sínum einungis þær

persónuupplýsingar sem eru nauðsynlegar vegna tilgangs vinnslunnar og slík vinnsla byggist ætíð á samningi aðila þar sem vinnsluaðilinn undirgengst þær skyldur að tryggja öryggi upplýsinganna og nota þær eingöngu í þeim tilgangi sem getið er um í samningi aðila.

Veritas samstæðan skyldar alla þriðju aðila til að virða öryggi persónuupplýsinga þinna og til að meðhöndla þær í samræmi við lög. Við heimilum ekki þjónustuaðilum þriðja aðila að nota persónuupplýsingar þínar í eigin þágu og við heimilum þeim eingöngu að vinna persónuupplýsingar þínar í tilteknum tilgangi og í samræmi við leiðbeiningar okkar.

Öryggi persónuupplýsinga

Við höfum gert viðeigandi öryggisráðstafanir til að koma í veg fyrir að persónuupplýsingar þínar glatist fyrir slysi, verði notaðar eða birtar af aðilum sem ekki hafa til þess heimild eða breytt með ólögmætum hætti. Þar að auki takmörkum við aðgengi að persónuupplýsingum þínum við þá starfsmenn, fulltrúa og verktaka og aðra þriðju aðila sem hafa viðskiptalegar ástæður fyrir aðgengi að upplýsingunum. Þessir einstaklingar munu einungis vinna persónuupplýsingar þínar samkvæmt okkar leiðbeiningum og eru bundnir trúnaðarskyldu.

Við höfum gert ráðstafanir til að takast á við allar grunsemdir um öryggisbrot við meðferð persónuupplýsinga og munum gera þér og viðeigandi eftirlitsstofnun viðvart þegar okkur ber skylda til þess.

Endurskoðun

Veritas samstæðan áskilur sér rétt til að uppfæra stefnu þessa með reglubundnum hætti.

*Samþykkt í framkvæmdastjórn Veritas.
Garðabæ, 9.apríl 2024, uppfærð í febrúar 2025.*